

Peter Weiss  
Selabóli  
426 Flateyri



Ísafjarðarbær  
b.t. Axels Rodriguez Övberby, Skipulags- og byggingarfulltrúa

13.06.2019

**Mál 2019050014 · Grenndarkynning vegna frístundahúss að Bóli, landnúmer 228016 · Athugasemd**

Fyrirhuguð bygging sumarhúss að Bóli snertir mig sem ábúanda hússins Selaból í næstu nágrenni og því vil ég nota tækifærið og gera í sambandi við grenndarkynningu eftirfarandi athugasemd.

Fyrirhugaða húsið er skilgreint sem frístundahús en ekki er að sjá að það verði minna en heilsárshús. Samkvæmt teikningum að ráða verður húsið nálagað vatnsinntaki Selabóls, en annars lítt sýnilegt frá Selabóli og frá Þjóðvegi 64, en þó mikið frá Holtsbryggju handan fjarðarins. Ef farið verður skv. teikningum og lýsingu sem gerir ráð fyrir dökkri klæðningu og mön, verða áhrif á ásýnd landslags takmörkuð, sem er vel. Athugasemdir mínar snerta því vatnsinntakið, en eru annars almenns eðlis.

1. Fyrirhugaða frístundahúsið að Bóli er mjög nálægt vatnsinntaki Selabóls og er farið fram á það að vatnsinntak nýja frístundahússins verði annaðhvort í samræmi við vatnsinntak Selabóls eða þannig úr garði gert að það skerði ekki vatnsinntakið sem fyrir er. Þegar þessi athugasemd er skrifuð er reyndar fyrirhugað að eigandi Bóls geri samning við eigendur Selabóls varðandi samnýtingu vatnsinntaks og væri þannig komið í veg fyrir að annar aðili grafi vatnið frá hinum. Það er í samræmi við ákvæði gildandi aðalskipulags um að samnýta innviði við uppbyggingu frístundahúsa.

2. Samkvæmt aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar er gert ráð fyrir allt að þrem frístundahúsum á landbúnaðarsvæði á hverri jörð ef aðstæður leyfa. (Aðalskipulag, bls. 90). Hér er spurt hvort þessum markmiðum sé fylgt, við hvaða jörð er verið að miða og hvað má reikna með mörgum frístundahúsum í grenndinni í framtíð. Ef undantekning er gerð, hvort hún sé vel rökstudd, svo hún verði ekki fordæmisgefandi og á skjön við gildandi aðalskipulag.

3. Þegar Kaldárvirkjun var byggð var talið nauðsynlegt að breyta aðalskipulaginu. Mikil áherðsla var þá lögð á að takmarka umhverfisáhrif og varanleg sjónræn áhrif. Í aðalskipulagsbreytingunni var gert ráð fyrir að "Neikvæð sjónræn umhverfisáhrif Kaldárvirkjunar verða lítil sé staðið vel að frágangi aðveitulagnar og slóða að inntaki, og ef vel tekst til með hönnun og útlit stöðvarhúss. [...] í heildina verða áhrif á gróður, dýralíf og ásýnd lítil. Áhrifin verða mest á framkvæmdatíma virkjunarinnar. Sett verða ákvæði í deiliskipulagið til að lágmarka jarðrask og önnur neikvæð áhrif fyrirhugaðrar virkjunar."

Þess væri óskandi að sömu eða sambærilegar kvaðir væru lagðar á frístundahúsabyggingu og á virkjunarframkvæmd, enda sú fyrrnefnda líklegri til að valda varanlegri breytingu á ásýnd landslags og jafnvel gróðurs en virkjunarframkvæmdin. Í gildandi aðalskipulagi eru sett markmið og ákvæði um yfirbragð og fyrirkomulag uppbyggingar frístundahúsa. Þegar vel er að því staðið þurfa rask á landslagi og sjónræn áhrif vissulega ekki vera mikil, en ekki er að sjá í grenndarkynningargögnum að ákvæði séu sett til þess að lágmarka jarðrask og önnur neikvæð áhrif fyrirhugaðrar frístundahúsabyggingar, til lengri tíma. Í grenndarkynningargögnunum er gerð allgóð grein fyrir frístundahúsinu en lítið er fjallað um aðlögun mannvirkja að landi og frágang raskaðra svæða. Ekkert er fjallað um hvernig heimreiðinni verður háttáð að öðru leyti en því að hún er sýnd á uppdrætti. Reyndar er búið að leggja heimreiðina þegar þetta er skrifað. Æskilegt hefði verið að fram kæmi breidd vegar, hæðarlega í landi og frágangur hugsanlegra vegfláa eða skeringa. Markmiðið ætti að vera að draga úr neikvæðum sjónrænum áhrifum eins og kostur er, ekki síðst vegna þess að lagt var svo mikil áherðsla á þetta í sambandi við byggingu Kaldárvirkjunar.

Óskað er eftir að ákvæði verði sett til að lágmarka neikvæð áhrif af uppbyggingunni.